

Vísindanefnd

Drjúgur hluti starfs nefndarinnar var vegna stefnu Háskólans sem samþykkt var á árinu. Var nefndinni falið að fylgja eftir mörgum atriðum í stefnunni með tillögum. Ber þar hæst breytingar á matskerfi vegna vinnumatskerfis Háskólans. Er gert ráð fyrir að því verki ljúki á árinu 2008.

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskólans. Vinna við úthlutun úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2008 átti sér stað í lok ársins eins og áður og sem fyrr var faglegt mat skilið frá úthlutunarvinnu. Faglegt mat önnuðust þrjú fagráð, fagráð heilbrigðisvísinda, fagráð hug- og félagsvísinda og fagráð verk- og raunvísinda. Í hverju fagráði voru um 7-8 fulltrúar, þar af voru einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Fagráð mátu allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan í höndum vísindanefndar. Við úthlutun var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og áður. Lögð var áhersla á að styrkja sem best þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda.

Umsóknir voru 198 og voru alls 175 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 166 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2008. Meðalstyrkur var 949 þús. kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Vísindanefnd sá einnig um úthlutun verkefnabundinna styrkja til tækjakaupa eins og áður. Á árinu 2007 voru einnig veittir styrkir til nýdoktora sem hluti af úthlutun Rannsóknasjóðs. Alls voru veittir 18 styrkir (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Tryggt hefur verið fjármagn til þessara styrkja á árinu 2008. Þá voru í fyrsta skipti veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í framhaldsnámi að upphæð 2,4 mkr.

Á árinu voru í annað sinn veittir styrkir til framhaldsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands (sjá nánar kafla um Háskólasjóð). Faglegt mat á umsóknum var samkvæmt reglum í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsraðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsóknarferil stúdents. Í lok ársins voru umsóknir til sjóðsins vegna úthlutunar 2008 metnar af nefndinni. Matið fór fram með sama hætti og áður.

Þá voru í fyrsta skipti veittir sérstakir styrkir til doktorsnema úr Rannsóknasjóði svipaðir þeim sem veittir eru úr Háskólasjóði. Mat á þeim umsóknum var í höndum fagráða vísindanefndar, með sama sniði og fyrir umsóknir í Háskólasjóð. Vísindanefnd úthlutaði síðan styrkjum til 32 verkefna í júní. Í lok ársins voru umsóknir til sjóðsins vegna úthlutunar 2008 metnar af fagráðum nefndarinnar. Matið fór fram með sama hætti og áður.

Vísindanefnd tilnefndi þrjú vísindamenn til verðlauna vegna árangurs í rannsóknum. Nefnd undir forsæti rektors valdi síðan Jórunni Erlu Eyfjörð, prófessor í læknadeild. Henni voru veitt verðlaunin við brautskráningu Háskólans 27. október 2007.

Skipan vísindanefndar 2007:

Helga Ögmundsdóttir, prófessor í læknadeild, formaður, Guðrún Nordal, prófessor í hugvísindadeild, Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsvísindadeild, Ingibjörg Harðardóttir, dósent í læknadeild, Magnús Már Halldórsson, prófessor í verkfræðideild, Snorri Þór Sigurðsson, prófessor í raunvísindadeild og Brynhildur Thors, doktorsnemi í læknadeild, fulltrúi stúdenta. Á árinu urðu þær breytingar á nefndinni að þeir Jóhannes R. Sveinsson, dósent í verkfræðideild og Jón Gunnar Bernburg, dósent í félagsvísindadeild, tóku sæti þeirra Magnúsar Más og Helga.